


Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla

Leiðbeiningar nr. 6. Fjarlægja eldislax úr veiðiam - Ferli málsins

September 2023

 Sjávarútvegsþjónustan	Samfélagsverkefni gegn spillingu Sjávarútvegsþjónustan ehf. Tölvupóstfang: valdimar@sjavarutvegur.is Sími: 695 2269		
Heiti greinar:	Fjarlægja eldislax úr veiðiám – Ferli málsins		
Höfundur:	Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur		
Leiðbeiningar nr: 6	Dagsetning útgáfu: 15.09.2023	Vefsíða verkefnisins: lagareldi.is	Heimildir: sjavarutvegur.is
Árið 2016			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Háafell lagði til í umhverfismati félagsins að eldislax yrði fjarlægður úr veiðiám, en höfundur vann sem ráðgefandi aðili. 			
Árið 2017			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Háafell kynnr sínar tillögur í umhverfismatinu, m.a. að fjarlægja strokulax úr veiðiám, sérstaklega á fundum með ráðuneytum og stofnunum sem hafa með málið að gera. ✓ Hafrannsóknastofnun lagði til áhættumat erfðablöndunar en í því felst m.a.; fylgjast með uppgöngu eldislaxa í veiðiár; bregðast ekki strax við til að fyrirbyggja tjón; og mæla síðan erfðablöndun. ✓ Starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra leggur til við stjórnvöld að innleiða áhættumat erfðablöndunar. Í starfshópnum voru m.a. tveir fulltrúar erlendra fjárfesta. ✓ Bæði í áhættumati erfðablöndunar og í skýrslu stefnumótunarhópsins er forðast að nota hugtakið „fjarlægja eldislax“ úr veiðiá. ✓ Háafell þurfti að svara Skipulagsstofnun hvernig fyrirhuguð starfsemi samrýmdist áhættumati erfðablöndunar og þar var m.a. bent á að það þyrfti fjarlægja eldislax úr veiðiám. 			
Árið 2018			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Þegar fiskeldisfrumvarpið var lagt fram lagði Háafell m.a. eftirfarandi til: <ul style="list-style-type: none"> ○ Þegar slyaslepping á sér stað verði rekstraraðila gert skylt að fjármagna og fá óháðan fagaðila til að vakta nálægar veiðiár og eldislax fjarlægður. ○ Eldislax fjarlægður við árvaka eða framkvæma haustvöktun í veiðiám í nálægð við eldissvæði og eldislax fjarlægður. ✓ Fiskistofa í sinni umsögn bendir á möguleika að fjarlægja eldislax úr veiðiám fyrir hrygningu. 			
Árið 2019			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Fiskeldisfrumvarpið lagt aftur fram, Háafell og Fiskistofa ítrekar sína tillögu. ✓ Þrátt fyrir vilja sumra þingmanna að farið væri í að fjarlægja eldislax úr veiðiám var niðurstaðan þó sú að aðeins var veitt heimild í lögnum og ekkert fjármagn fylgdi til að framkvæma aðgerðir. ✓ Höfundur sendi ítarlegar greinagerðir til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit þar sem m.a. var lagt til að eldislax væri fjarlægður úr veiðiám. ✓ Lög um fiskeldi voru samþykkt á vorþingi 2019 og erfðablöndun á villtum íslenskum laxi heimilud. 			
Árið 2020			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Höfundur skrifar greinar í fjölmiðla og reynir að upplýsa. ✓ Áhættumatið endurskoðað og opnað fyrir því að fjarlægja eldislax í tilfelli stórra slyasleppinga án þess að útfæra nánar. ✓ Vísindanefnd sem fékk það hlutverk að rýna áhættumatið lagði m.a. til mildunaraðgerðir s.s. fjarlægja strokufisk úr ám fyrir hrygningu. 			
Árið 2021			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Höfundur kom með beiðni um að gerð væri úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar. Ráðuneytið vísaði málinu til Ríkisendurskoðunar. 			
Árið 2022			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Höfundur sendi inn umfangsmikla umsögn við áhættumat erfðablöndunar í umhverfismati áætlaða en athugasemdum var ekki svarað efnislega í umhverfismatsskýrslunni. 			
Árið 2023			
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Höfundur skrifar greinar í fjölmiðla og reynir að upplýsa. ✓ Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjókvíaeldi er komið inn á að óháðir sérfræðingar telja að vöktunar- og mótvægisáðgerðir sé takmarkaðar að umfangi í áhættumati erfðablöndunar. ✓ Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun kemur fram að fyrirtækið Laxfiskar ehf. hafi frá árinu 2015 fjarlægt eldislaxa úr einni laxá nærri sjókvíaeldi. ✓ Starfshópur matvælaráðherra um strok lagði m.a. til að fjarlægja eldislax úr veiðiánum. ✓ Eldislax úr slyasleppingu Arctic Sea Farm gengur upp í veiðiár og í framhaldinu er lagt til að fara í svipaðar aðgerðir og Háafell lagði til á árunum 2016 og 2018. 			

Nú á að fara markvisst í að fjarlægja eldislax úr veiðiám – Til hamingju með áfangann. Lagt hefur verið til í fjölda greina, tillagna, umsagna og skýrsla m.a. af höfundi að þessi leið verði farin eða allt frá árinu 2016. Hér að neðan er að finna stutta samantekt af ferli málsins.

TILLÖGUR ÍSLENSKS LAXELDISFYRIRTÆKIS (2016)

Á árinu 2016 lagði Háafell til að eldislax yrði fjarlægður úr veiðiám í umhverfismati félagsins, en höfundur vann sem ráðgefandi aðili. Ástæðan fyrir því að lagt var til að fjarlægja eldislax úr veiðiám var að meðan á umhverfismatinu stóð tilkynntu laxeldisfyrirtækin Arnarlax og Arctic fish, umfangsmikil áform í Ísafjarðardjúpi. Eftir að hafa skoðað vel gögn og rannsóknir í öðrum löndum með laxeldi í sjókvíum og þá sérstaklega í Noregi var það niðurstaða ráðgefandi aðila að það þyrfti að fjarlægja eldislax úr veiðiám til að koma í veg fyrir eða lágmarka erfðablöndun á villtum laxi í Ísafjarðardjúpi.¹

KYNNINGAR FRAMKVÆMDAÐILA (2017)

Það var snemma ljóst í hvert stefndi í vinnu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem fékk það hlutverk að gera stefnumótun í fiskeldi.² Það voru mikil átök innan Landssambands fiskeldisstöðva um stefnu er varðar áhættumat erfðablöndunar en í stefnumótunarhópnum sátu tveir fulltrúar stærstu laxeldisfyrirtækjanna sem þá voru komin í meirihlutaeigu erlendra aðila.³ Til að fylgja málinu eftir var farið út í að kynna tillögur matsskýrslu Háafells í umhverfismálum fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun og sérfræðingum í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á tímabilinu 18. apríl til 8. maí. Stuðst var við glærur⁴ í kynningunum og einnig var útbúið sérstakt skjal með samantekt⁵ til nánari skýringa sem sent var til þeirra sem fundað var með. Skipulagsstofnun var sent bréf þar sem gert var grein fyrir þessum fundum.⁶ Seinna voru tillögurnar kynntar fyrir stjórnmalámönnum úr öllum flokkum á Alþingi.

ÁHÆTTUMAT ERFDABLÖNDUNAR (2017)

Í júlí 2017 lagði Hafrannsóknastofnun fram áhættumat erfðablöndunar til að meta hversu mikið eldi á frjóum laxi í sjókvíum væri óhætt að stunda án þess að óásættanleg áhætta væri tekin með náttúrulega laxastofna landsins.⁷ Í stuttu máli má komast að þeirri niðurstöðu að áhættumat erfðablöndunar gangi út á að:^{8 9}

- ✓ fylgjast með uppgöngu storkulaxa í veiðiár,
- ✓ bregðast ekki strax við til að fyrirbyggja tjón,
- ✓ og mæla síðan mögulega erfðablöndun.

Áhættumat erfðablöndunar er úthlutunarkerfi fyrir laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og hefur lítið sem ekkert með umhverfisvernd að gera. Hér áður fyrr var farið í veiðiár og norskættaður eldislax fjarlægður til að lágmarka erfðablöndun.¹⁰ Með tilkomu áhættumats erfðablöndunar var því hætt og þannig boðið upp á að norskættaður eldislaxi gæti hrygnt með íslenskum laxi.

¹ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/855#fath>

² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/10/Landsamband-fiskeldisstodva.pdf>

⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/08/Fylgiskjal-2.-Sjavarutvegsraduneyti.pdf>

⁵ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/08/Fylgiskjal-1.-Samaneft.pdf>

⁶ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/08/Bref-Haafell-25052017.pdf>

⁷ <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/utgafa/haf-og-vatnarannsoknir/ahaettumat-vegna-mogulegrar-erfdablondunar-milli-eldislaxa-og-natturulegra-laxastofna-a-islandi>

⁸ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/12/Ahaettumat-erfdablondunar-i-umhverfismati-aaetlanna-08.12.2021.pdf>

⁹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2019/06/Fylgiskjal-5.-Athugasemdir-vi%C3%B0-%C3%81h%C3%A6ttumat-erf%C3%B0abl%C3%B6ndunar.pdf>

¹⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2019/06/Fylgiskjal-5.-Athugasemdir-vi%C3%B0-%C3%81h%C3%A6ttumat-erf%C3%B0abl%C3%B6ndunar.pdf>

STEFNUMÓTUNARHÓPURINN (2017)

Áhættumat erfðablöndunar var í aðalhlutverki í vinnu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem skilaði af sér skýrslu á árinu 2017.¹¹ Bæði í áhættumati erfðablöndunar og í skýrslu stefnumótunarhópsins er forðast að nota hugtakið „fjarlægja eldislax“ úr veiðiá. Hvorki Hafrannsóknastofnun né starfshópur um stefnumótun í fiskeldi upplýsa stjórnvöld um leiðir til að fjarlægja eldislax úr veiðiám sem búið var að taka upp í Noregi eftir áratuga biturra reynslu af aðgerðarleysi.¹² Í stefnumótunarhópnum voru tveir fulltrúar erlendra fjárfesta og lögð var áhersla að halda öllum kostnaði vegna umhverfismála í lágmarki.¹³ Fiskistofa skilaði inn umsögn til stefnumótunarhópsins um að mögulega mætti fjarlægja eldislax úr veiðiám.¹⁴ Ekkert tillit var tekið til þessarar umsagnar og ekki minnst á hana í stefnumótunarskýrslunni.

ANDMÆLI FRAMKVÆMDARAÐILA (2017-2019)

Skipulagsstofnun taldi að nýtt áhættumat erfðablöndunar fæli í sér þýðingamiklar og nýjar upplýsingar sem byggja beri á við mat á áhrifum laxeldis í sjó á villta laxastofna. Framkvæmdaraðilum var gert skylt að gera grein fyrir hvernig fyrirhuguð starfsemi samrýmdist áhættumati erfðablöndunar og þeim takmörkunum sem Hafrannsóknastofnun leggur til að verði settar til framleiðslu á frjóum eldislaxi.¹⁵ Háafell skilaði inn greinargerð til Skipulagsstofnunar á árinu 2017¹⁶ og andmælum Hafrannsóknastofnunar¹⁷ var svarað snemma á árinu 2019.¹⁸ Í umsögn Háafells kemur m.a. fram:¹⁹

„Afstaða Hafró er „að þegja í hel“ aðgerðina að fjarlægja eldislax úr veiðivötnum eins og lagt er til í Matskýrslu Háafells“.

FISKELDISFRUMVARPIÐ (2018)

Fiskeldisfrumvarpið byggt á skýrslu stefnumótunarhópsins var fyrst lagt fram á vorþingi 2018. Í umsögnum Háafells²⁰ og Fiskistofu²¹ er lagt til eða bent á möguleika að fjarlægja eldislax úr veiðiám fyrir hrygningu. Tillögur Háafells voru eftirfarandi:

- ✓ *Hjá því fiskeldisfyrirtæki þar sem slysaslepping á sér stað er gert skylt að fjármagna og fá óháðan fagaðila til að vakta nálæg veiðivötn við slíkan atburð. Fiskistofa hefur yfirumsjón með aðgerðum. Allur sjáanlegur eldislax fjarlægður úr veiðivatni fyrir hrygningu.*
- ✓ *Myndatökubúnaði komið fyrir og bæði villtir laxfiskar og eldisfiskar taldir í lykilám í nálægð við eldissvæði í samstarfi við veiðiréttareigendur eða framkvæma haustvöktun í veiðivötnum í nálægð við eldissvæði. Kostnaður verði greiddur af Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Framkvæmt af óháðum fagaðila undir stjórn Fiskistofu. Allur sjáanlegur eldisfiskur fjarlægður og kostnaður greiddur af eiganda eldisfisksins.*

FISKELDISFRUMVARPIÐ (2019)

Háafell sendi síðan aftur inn umsögn við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2019 og ítrekaði sínar tillögur.²² Höfundur kemur einnig með tillögur að fjarlægja eldislax úr veiðiám í umsögn sinni við fiskeldisfrumvarpið (viðauki 1).²³ Jafnframt ítrekar Fiskistofa fyrri umsögn sína og bendir á möguleika að fjarlægja eldislax úr veiðiám fyrir hrygningu.²⁴

¹¹ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9d0e56b5-87fa-11e7-9419-005056bc4d74>

¹² <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

¹³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

¹⁴ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-1449.pdf>

¹⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/09/MATUMH1.pdf>

¹⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/09/Athugasemdir-Haafells-vid-ahaettumat-Hafro-04.10.2017.pdf>

¹⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/09/Greinargerð-Hafrannsoknastofnunar-vegna-athugasemda-Haafells-vid-Ahaettumat.pdf>

¹⁸ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/09/Svar-Haafells-vid-andmaelum-Hafro-05.02.2019.pdf>

¹⁹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/09/Athugasemdir-Haafells-vid-ahaettumat-Hafro-04.10.2017.pdf>

²⁰ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-1432.pdf>

²¹ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/148/148-1449.pdf>

²² [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1256&uid=e6fe9469-7b17-e911-944c-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1256&uid=e6fe9469-7b17-e911-944c-005056850474)

²³ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4916.pdf>

²⁴ <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-4890.pdf>

Það kom oft fram í umræðunni á þinginu, sérstaklega hjá þingmönnum í atvinnuveganefnd, sem fóru í kynnisferð til Noregs, að þar væri farið í aðgerðir til að fjarlægja strokulax í tilfelli slysasleppinga til að koma í veg fyrir erfðablöndun.²⁵ Þrátt fyrir vilja sumra þingmanna að farið væri í að fjarlægja eldislax úr veiðiám var niðurstaðan þó sú að aðeins var veitt heimild í lögunum í staðinn fyrir að nota skal.²⁶ Niðurstaðan hefur einnig verið sú að ekki hefur verið farið markvisst í veiðiár í nokkur ár þrátt fyrir ítrekaðar slysaslepping, leitað að strokulaxi og þeir fjarlægðir enda fylgdi ekki fjármagn til slíkra aðgerða þegar löggin voru afgreidd á Alþingi Íslendinga.²⁷

ATHUGASEMDIR ÍTREKAÐAR (2019)

Hinn 20. maí 2019 sendi höfundur tölvupóst²⁸ til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit. Þar var óskað eftir að gerð væri opinbera rannsókn vegna alvarlegra annmarka á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Með tölvupóstinum fylgdu ítarlegar greinagerðir:

- ✓ Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin²⁹.
- ✓ Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum³⁰

Í þessum greinagerðum er m.a. ítarlega fjallað um aðgerðir til að fjarlægja eldislax úr veiðiám. Það var síðan í fjórgang, á árinu 2019, send ítrekun til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar en einhverra hluta vegna hafa engin svör eða viðbrögð borist. Það var því ákveðið að fara aðra leið til að reyna ná framgangi í málið. Á tímabilinu október til desember 2019 var auglýst³¹ eftir viðbrögðum í Morgunblaðinu, einnig án árangurs. Nokkrum sinnum síðan hefur málið verið ítrekað án árangurs,³² síðast með bréfi til forsætisráðherra fyrr á þessu ári.³³

ENDURSKOÐUN Á ÁHÆTTUMATINU (2020)

Hafrannsóknastofnun endurskoðað áhættumat erfðablöndunar á árinu 2020 og framleiðsluheimildir voru auknar og þar er fyrst nefndur sá möguleiki að fjarlægja strokulax úr veiðiám:^{34 35}

„Í sambandi við þann búnað verði gerð viðbragðsáætlun vegna stórra sleppinga úr sjókvíum, sem er mikilvægt að sé til staðar svo bregðast megi við ef mikið magn eldislaxa sleppur. Lögum samkvæmt er það á forræði Fiskistofu en mat á miklum neikvæðum áhrifum slíkra sleppinga er á hendi Hafrannsóknastofnunar. Þá þarf að vera til búnaður til að skilja frá strokulaxa í slíkum tilfellum, eða aðrar aðferðir við að fjarlægja strokulaxa úr ám“.

Eftir stendur að stjórnvald skilgreini og útfæri nákvæmlega viðbragðsáætlun eins og eldisfyrirtækjum er skylt að gera. Skilgreini hvenær og hvernig eigi að grípa til aðgerða í tilfelli slysasleppinga.

SKÝRSLA VÍSINDANEFNDAR (2020)

Þegar lög um fiskeldi voru samþykkt á árinu 2019 var ákveðið að áhættumati erfðablöndunar yrði rýnt af þriggja manna vísindanefnd.³⁶ Nefndin kom með fjölmargar athugasemdir og bendir m.a. á mildunaraðgerðir s.s. með því að taka upp virkar aðgerðir til þess að fjarlægja strokufisk úr ám

²⁵ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltg=149&mnr=647>

²⁶ <https://www.althingi.is/altxt/stjt/2019.101.html>

²⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2022/11/Fylgiskjal-1.-Stefnumotun-i-fiskeldi.pdf>

²⁸ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/10/Beini-um-opinbera-ttekt.pdf>

²⁹ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-stefnumtunarskrsluna.pdf>

³⁰ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemdir-vi-haettumat-erfablndunar.pdf>

³¹ <https://lagareldi.is/auglysingar-i-morgunbladinu/>

³² <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

³³ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2023/02/Fylgiskjal-1.-Beini-um-opinbera-rannskn.pdf>

³⁴ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/KThj/Endursko%c3%b0u%c3%b0-R%c3%a1%c3%b0gi%c3%b6f-%c3%81h%c3%a6ttumat2020-loka%20til%20birt-ingar.pdf>

³⁵ https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/taekni-Ah%C3%A6ttumat_ens1199280.pdf

³⁶ <https://www.althingi.is/altxt/pdf/150/s/2029.pdf>

fyrir hrygningu.³⁷ Það vakti athygli að skýrsla vísindanefndar var gefin út rétt eftir að niðurstöður áhættumats erfðablöndunar 2020 voru kynntar og þannig komist hjá því að taka athugasemdir nefndarinnar fyrir í endurskoðuðu áhættumati.

REYNT AÐ UPPLÝSA (2020)

Á árinu 2020 byrjað höfundur að skrifa greinar í fjölmiðla þar sem komið var inn á að fjarlægja eldislax úr veiðiám til að draga úr erfðablöndum.³⁸ Á árinu 2020 voru birtar alls 13 greinar í Bændablaðinu, hver grein með afmarkað umfjöllunarefni þar sem reynt var að útskýra málið á einfaldan og aðgengilegan hátt. Í eftirfarandi greinum var m.a. komið inn á að fjarlægja eldislax úr veiðiám:

- ✓ Áhættumat erfðablöndunar og mótvægisáðgerðir.³⁹
- ✓ Áhættumat erfðablöndunar og viðbrögð við slyssleppingum.⁴⁰
- ✓ Áhættumat erfðablöndunar sem íslenska leiðin.⁴¹

BEIÐNI UM ÚTTEKT (2021)

Beiðni var send um að gerð væri úttekt á vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar er varðar áhættumat erfðablöndunar. Hún var send til ráðgjafanefndar Hafrannsóknastofnunar og afrit m.a. sent á atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Í greinagerðinni var m.a. bent á að eftir að Norðmenn höfðu horft upp á áratuga langa erfðablöndun hafi verið gripið til öflugra mótvægisáðgerða og varúðarsjónarmiða á síðustu árum:⁴²

- ✓ „Strax eftir slyssleppingu eru veiðiár í firðinum og nágrenninu vaktadar og allur sjáanlegur eldislax fjarlægður.
- ✓ Um haustið er farið í fjölmargar veiðiár þar sem hlutfall stokolaxa hefur verið hátt og eldislax fjarlægður fyrir hrygningu“.

Eftir ítrekun við ráðuneytið var því svarað að óskað hefði verið eftir því við Ríkisendurskoðun að fram færi úttekt á regluverki og stjórnsýslu fiskeldis, féll þar undir stjórnsýsla stofnana ráðuneytisins. Ráðuneytið leit því svo á að undir beiðnina falli úttekt á stjórnsýslu Hafrannsóknarstofnunar.

ÁHÆTTUMATIÐ Í UMHVERFISMATI ÁÆTLANA (2021-2022)

Áhættumat erfðablöndunar fór í umhverfismat áætlana í lok ársins 2021.⁴³ Umhverfismatsskýrslan var unnin af VSÓ ráðgjöf að beiðni atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Hafrannsóknastofnunar. Athyglisvert er að í umhverfismatsskýrslunni er aldrei nefnt að fjarlægja eldislax, aðeins komið inn á að árvakar geti nýst sem mótvægisáðgerð þegar stórir og óvæntir atburðir verða þess valdandi að fjöldi fiska strjúka, þ.e.a.s. það sem lagt var til í endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar. Höfundur sendi inn umfangsmikla umsögn⁴⁴ og af einhverjum ástæðum var athugasemdum félagsins ekki svarað efnislega í umhverfismatsskýrslunni.⁴⁵ Hvernig staðið var að umhverfismatinu er rannsóknaverkefni út af fyrir sig.

SKÝRSLA RÍKISENDURSKOÐUNAR (2023)

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjókvíaelði er komið inn á að óháðir sérfræðingar telja að vöktunar- og mótvægisáðgerðir sé takmarkaðar að umfangi í áhættumati erfðablöndunar.⁴⁶ Í umsögn Hafrannsóknastofnunar við skýrslu Ríkisendurskoðunar streitast stofnunin áfram við, af einhverjum ástæðum, að upplýsa stjórnvöld og mæla með mikilvægum mótvægisáðgerðum (fjarlægja eldislax). Af hverju hefur Hafrannsóknastofnun áhyggjur af virkni mótvægisáðgerðina

³⁷ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/10.-Baendabladid-08.10.2020.pdf>

³⁸ https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

³⁹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/5.-Baendabladid-16.07.2020.pdf>

⁴⁰ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/7.-Baendabladid-20.08.2020.pdf>

⁴¹ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2021/01/8.-Baendabladid-10.09.2020.pdf>

⁴² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/01/Fylgiskjal-1.-Beiðni-um-uttekkt-radgjafanefnd-Hafro-21.10.pdf>

⁴³ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3067](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3067)

⁴⁴ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2021/12/haettumat-erfablndunar-umhverfismati-aetlanna-08.12.2021.pdf>

⁴⁵ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Fiskeldi/Umhverfismatssk%c3%bdrsla.pdf>

⁴⁶ <https://rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2023-stjornsysla-fiskeldis.pdf>

í staðinn fyrir að benda á vel heppnar aðgerðir í Noregi sem hægt er að hafa til fyrirmynd eins og t.d. stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur gert í sinni umsögn við skýrslu Ríkisendurskoðunar.⁴⁷

SKÝRSLA HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR UM ERFÐABLÖNDUN (2023)

Í júlí 2023 gaf Hafrannsóknastofnun út skýrsluna „*Erfðablöndun villts íslensks lax (salmo salar) og eldislax af norskum uppruna*“.^{48 49} Í skýrslunni kemur fram að fyrirtækið Laxfiskar ehf. hafi frá árinu 2015 fjarlægt strokulaxa úr einni laxá nærri sjókvíaeldi og þannig minnkað líkur á erfðablöndun.⁵⁰ Jafnframt kemur fram í skýrslu stofnunar um að Hafrannsóknastofnun hafi í sjö ár sótt um fjármagn til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis vegna samskonar aðgerða í fleiri ám á sjókvíaeldissvæðum en án árangurs. Hér kveður við annan tón en fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það er eins og það séu tvær fylkingar innan Hafrannsóknastofnunar, önnur hliðholl laxeldi og hin sem leggur áherslu á villta laxastofna.

SKÝRSLA UM STROK (2023)

Matvælaráðherra skipaði starfshóp til að rýna í gildandi regluverk og veiðar á eldislaxi.⁵¹ Í skýrslu starfshópsins var farið vel yfir til hvaða aðgerða er gripið í Noregi í tilfelli strokviðburða, hvernig árnar eru vaktaðar og staðið að því að fjarlægja eldislax úr veiðiánum. Starfshópurinn kemur með margar tillögur og þær fela í sér stefnubreytingu hvernig á að meðhöndla stroka á eldislaxi. Starfshópurinn lagði m.a. til að kannaður verði möguleiki þess að rekköfun verði nýtt sem aðferð þegar fiskar eru fjarlægðir úr veiðivötnum.

REYNT AÐ UPPLÝSA (2023)

Á árinu 2023 hefur höfundur birt nokkrar greinar þar sem reynt hefur verið að upplýsa um meinlega galla í áhættumati erfðablöndunar. Nokkrar greinar koma inn á að fjarlægja eldislax úr veiðiám:

- ✓ Áhættumat erfðablöndunar – hvað næst?⁵²
- ✓ Lögfasta erfðablöndunar á laxi.⁵³
- ✓ Áhættumatið og litlu veiðiárnar.⁵⁴
- ✓ Áhættumatið og fjárhagslegur ávinningur.⁵⁵

Jafnframt hafa fjölmiðlar og fleiri fengið sendar *Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla nr. 5. Lög um fiskeldi, áhættumatið og erfðablöndun á villtum laxi*. Þar er m.a. komið inn á tillögur um að fjarlægja eldislax úr veiðiám.⁵⁶

SLYSASLEPPING HJÁ ARCTIC SEA FARM (2023)

Hinn 20. ágúst tilkynnti fyrirtækið Arctic Sea Farm um göt á kví á eldissvæði sínu við Kvígindisdal í Patreksfirði en meðalþyngd fisksins var 5.5 kg.^{57 58} Talið var að um 3.500 eldislaxar hafi sloppið.⁵⁹ Í framhaldinu byrjaði að veiðast eldisfiskur í fjölmörgum veiðiám og voru flestir raktir til slysasleppingar hjá Arctic Sea Farm.⁶⁰

⁴⁷ <https://www.althingi.is/altext/153/s/1701.html>

⁴⁸ <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/utgafa/haf-og-vatnarannsoknir/erfdablondun-villts-islensks-lax-salmo-salar-og-eldislax-af-norskum-uppruna-hv-2023-25>

⁴⁹ https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/skyrsla-um-erfdablondun-laxa?fbclid=IwAR0Z_asEsh6Q3yWku6QKQAJzS02FE6BjkYFovrZRMlba_0nfpXkaCGaa-fY

⁵⁰ <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/utgafa/haf-og-vatnarannsoknir/erfdablondun-villts-islensks-lax-salmo-salar-og-eldislax-af-norskum-uppruna-hv-2023-25>

⁵¹ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/06/23/Starfshopur-um-strok-eldislaxa-leggur-til-aukid-efirlit-og-hertar-krofur/>

⁵² <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/02/25.-Baendabladid-09.02.2023.pdf>

⁵³ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/06/29.-Baendabladid-08.06.2023.pdf>

⁵⁴ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/06/30.-Baendabladid-22.06.2023.pdf>

⁵⁵ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/09/34.-Baendabladid-07.09.2023.pdf>

⁵⁶ <https://sjavarutvegur.is/wp-content/uploads/2023/08/Leiðbeiningar-nr.-5.-Ahaettumatið-og-erfdablondun.pdf>

⁵⁷ <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/got-a-sjokvi-arctic-sea-farm-vid-kvigindissdal-i-patreksfirði>

⁵⁸ <https://www.arcticfish.is/news/tvo-got-fundust-a-kvi-numer-atta-i-kvigindissdal/>

⁵⁹ <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/gat-a-sjokvi-i-patreksfirði-upplýsingar-um-slaturtolur>

⁶⁰ <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/upprunagreining-stadfestir-strok-eldislaxa-ur-sjokvium-arctic-sea-farm-i-patreksfirði>

Í viðtali við framkvæmdastjóri Arctic fish kemur fram að villtum laxastofnum stafa ekki nein ógn af sjókvíældi og tekist hafi að búa til kerfi sem mun vernda villta laxastofninn.⁶¹ Þessi afstaða breyttist fljótlega eftir að mikill fjöldi tilkynninga fóru að berast um eldislax í veiðiám og félagið harmaði í framhaldinu tjón vegna slysasleppingarinnar og kom jafnframt með tillögur um aðgerðir til að lágmarka tjónið.⁶²

Arctic Fish lagði til við Fiskistofu fyrir hönd sjóeldisfyrirtækja að kanna hvort það sé mögulegt að beita svokallaðri rekköfun í þeim ám þar sem fundist hefur eldisfiskur. Í því felst að ár eru kembdar með markvissum hætti og kannað hvort að þar leynist eldisfiskur. Reynist eldisfiskur vera í ánni er hann fjarlægður. Jafnframt var boðist til að greiða kostnað við framkvæmdirnar, sem ættu að tryggja að sá lax sem gengur upp í árnar ná ekki að blandast við villta laxa.⁶³

VIÐBRÖGD FISKISTOFU (2023)

Haldinn var neyðarfundur í matvælaráðuneytinu vegna uppgöngu eldislaxa í veiðiár.⁶⁴ Í framhaldinu lagði Fiskistofa til róttækar aðgerðir til að koma í veg fyrir að eldislax blandist villtum laxi í veiðiám. Lagt var til að laxastigum verði lokað, stangveiðitímabil framlengt, lax verði veiddur í net og að kafað verði eftir eldislaxi.⁶⁵

Fiskistofa sendi tilmæli til Landssambands veiðifélaga um þau loki laxastigum til áramóta en villtum fiskum sleppt upp fyrir og að þau framlengi stangveiðitímabilið til 15. nóvember og aðeins verði leyft að veiða eldislaxa. Og þá eru lagðar til aðgerðir í samráði við Fiskistofu um að draga með netum þar sem grunur er um eldislax, leita að eldislaxum með ljósi í myrkri og veiða í háfa og að Fiskistofa fái norska sérfræðinga til að rekkafa eða snorkla ár og leita eldislaxa.⁶⁶

Þessar fyrirhuguðu framkvæmdir eru í samræmi við þá hugmyndafærði sem lagt var til í umhverfismati Háafells á árinu 2016 og umsögn félagsins við fiskeldisfrumvarpið á árinu 2018. Hvort það verður farið í allar þessar aðgerðir á þessu ári á eftir að koma í ljós. Síðan á eftir að festa í sessi framkvæmdina þegar lögum um fiskeldi verða endurskoðuð á næsta ári.

⁶¹ <https://www.visir.is/g/20232456818d/-tekist-ad-bua-til-kerfi-sem-mun-vernda-villta-laxastofninn->

⁶² https://www.mbl.is/200milur/frettir/2023/09/12/harma_tjon_vegna_laxaflotta/

⁶³ <https://www.arcticfish.is/news/vidbrogd-vid-sleppingu/>

⁶⁴ <https://www.mbl.is/200milur/frettir/2023/09/11/neymarfundur-med-matvaelaradherra/>

⁶⁵ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-12-rottaekar-adgerdir-lagdar-til-svo-hindra-megi-utbreidslu-eldislax-391522>

⁶⁶ <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-12-rottaekar-adgerdir-lagdar-til-svo-hindra-megi-utbreidslu-eldislax-391522>

Viðauki 1. Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við fiskeldisfrumvarpinu 2019

Umsögn í heild sinni var nefnd „Fljótandi að feigðarósi“⁶⁷ og hér að neðan er að finna hluta úr greinargerðinni er varðar tillögur er áhættumat erfðablöndunar og fjarlægja eldislax úr veiðiám.

Tillaga I: Áhættumatinu verði hafnað sem stjórnsýslutæki: Áhættumat erfðablöndunar gengur út á að meta hvort atburður hafi átt sér stað en viðfangsefnið ætti að vera að koma í veg fyrir að atburður eigi sér stað eins og nú er unnið eftir í Noregi með að fjarlægja eldislax úr veiðivatni fyrir hrygningu. Breyta þarf hugsunargangi jafnt hjá vísindamönnum, stjórnvöldum og atvinnugreininni og viðfangsefnið á að vera að koma *strax* í veg fyrir erfðablöndun. Hafró hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem rannsókn- og ráðgjafarstofnun fyrir stjórnvöld og þurfa þau að styrkja stofnunina til þess að hún geti sinnt því hlutverki sem best. Áhættumat erfðablöndunar getur hugsanlega þjónað því hlutverki að vera rannsóknarverkfæri en aldrei sem stjórnsýslutæki fyrir stjórnvöld. Vinnubrögð Hafró hafa valdið ákveðnum vonbrigðum en úr því má auðveldlega bæta með að stofnunin horfi til þess sem best er gert erlendis í staðinn fyrir að leggja fram aðferðafærði sem stenst ekki skoðun og getur beinlínis valdið skaða í vistkerfum í ferskvatni.

Tillaga II: Slysaslepping – eldislax fjarlægður: Hér verði haft til viðmiðunar hugmyndafræði sem innleidd hefur verið í Noregi:

- *Viðmið:* Enginn sjáanlegur eldislax í veiðivötnum á eldissvæðum þegar hrygning villtra laxfiska fer fram.
- *Vöktun:* Hjá því fiskeldisfyrirtæki þar sem slysaslepping á sér stað er gert skylt að fjármagna og fá óháðan fagaðila til að vakta nálæg veiðivötn við slíkan atburð. Fiskistofa hefur yfirumsjón með aðgerðum.
- *Viðbrögð:* Allur sjáanlegur eldislax fjarlægður úr veiðivatni fyrir hrygningu.

Tillaga III: Vöktun – eldislax fjarlægður: Ekki eru allar slysasleppingar tilkynntar og einnig getur eldislax sem sleppur komið ári síðar eða eftir lengri tíma frá slysasleppingu upp í veiðivötn. Það er því nauðsynlegt að vakta veiðivötn á eldissvæðum:

- *Viðmið:* Enginn sjáanlegur eldislax í veiðivötnum á eldissvæðum þegar hrygning villtra laxfiska fer fram.
- *Vöktun:* Myndatökubúnaði komið fyrir og bæði villtir laxfiskar og eldisfiskar taldir í lykílám í nálægð við eldissvæði í samstarfi við veiðiréttareigendur eða framkvæma haustvöktun í veiðivötnum í nálægð við eldissvæði. Kostnaður verði greiddur af Umhverfissjóði sjókvíaeldis. Framkvæmt af óháðum fagaðila undir stjórn Fiskistofu.
- *Viðbrögð:* Allur sjáanlegur eldisfiskur fjarlægður og kostnaður greiddur af eiganda eldisfisksins.

⁶⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2019/11/Athugasemd-vi-fiskeldisfrumvarpi.pdf>